

BORGARRÁÐ 14. febrúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks um vinnuslys á leik- og grunnskólum borgarinnar. -R19020109

Í sumar bárust fregnir þess efnis um að vinnuslysum hjá starfsfólki leik- og grunnskóla hér á landi, hefði stóraukist eða fjölgað um nær helming frá 2008. Þá kom fram að Vinnueftirlitið og Kennarasamband Íslands ætluðu að rannsaka málið ítarlega í haust. Hefur borgin fengið einhverjar niðurstöður frá rannsókn Vinnueftirlitsins og Kennarasambandsins? Heldur Reykjavíkurborg utan um fjölda vinnuslysa á leik- og grunnskólum borgarinnar? Ef svo er hvað hafa slysin verið mörg á síðustu árum og hefur ástæða slysanna verið könnuð eða liggja ástæður fyrir?